

Jón Björnsson, sálfræðingur

AFDRIFAKÖNNUN HJÁ UNGLINGUM SEM DVÖLDU Á MEÐFERÐARHEIMILI BARNAVERNDARSTOFU AÐ HÁHOLTI Á TÍMABILINU 1999 TIL ÁRSLOKA 2004.

I. Tilgangur, aðferð og heimtur

Í eftirfarandi verður gerð grein fyrir könnun á afdrifum unglunga sem dvöldu að meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði á fyrstu starfsárum þess. Starfsemin hófst í ársbyrjun 1999. Heimilið tók við af meðferðarheimilinu Bakkaföt í sömu sveit sem lagt var niður í árslok 1998.¹ Nokkrir unglingar sem áður höfðu dvalið að Bakkaföt luku meðferð að Háholti. Á þessum árum voru þar rými fyrir 6 unglunga á aldrinum 15 til 18 ára. Samkvæmt þjónustusamningi við Barnaverndarstofu voru tíu stöðugildi við heimilið auk 40% stöðu sálfræðings. Að auki sinntu tveir kennarar um kennslu unglunganna.

Hlutverki meðferðarheimilisins var lýst á eftirfarandi hátt: “ Að Háholti vistast einkum þeir unglingar sem eru í miklum mótþróa og eru ekki reiðubúnir að hefja meðferð. Meginmarkmið í meðferðarvinnunni er að vekja áhuga unglunganna á að takast á við vandamál sín og koma í veg fyrir að þeir haldi áfram að skaða sjálfa sig og jafnvel aðra. Unglingarnir taka þátt í heimilisstörfum, þeir stunda vinnu, íþróttir, hestamennsku og ferðalög til fjalla. Tilgangur meðferðarstarfsins er að efla ábyrgð unglunganna, þrek, félagsanda og víðsýni. Unglingarnir taka einnig þátt í viðtölum, hópmeðferð og fjölskyldusamstarfi.”²

Um mitt ár 2002 var meðferðarheimilið sem Barnaverndarstofa hafði rekið að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal lagt niður. Nokkrir unglingar fluttu þaðan að Háholti. Forstöðumaður meðferðarheimilisins að Háholti hefur frá upphafi verið Sveinn Allan Morthens.

Könnun þessi tók til þeirra 51 unglings sem dvöldu á Háholti frá opnun til ársloka 2004. Rætt var við þá og foreldra þeirra á tímabilinu mars 2005 til feb. 2007. Könnunin fólst í hálfstöðluðum viðtölum við unglungana og jafnframt var lagt fyrir þá Achenbach sjálfsmat og hálfstöðluðum viðtölum við foreldri og Achenbach mat foreldris á unglingnum. Áhersla var lögð á að matið miðaðist við ástand og stöðu unglingsins undanfarna sex mánuði. Skemmst höfðu liðið 11 mánuðir frá útskrift til þess er viðtal var tekið, lengst 76 mánuðir. Send voru bréf til unglunganna og foreldranna þar sem tilgangur könnunarinnar og aðferð voru kynnt. Tekið var fram að því aðeins yrði rætt við foreldrana að unglingarnir samþykktu það og við það var staðið svo fremi næðist til unglunganna. Að þessu búnu var haft símsamband við unglungana/foreldrana. Viðtölin fóru oftast fram á heimilum viðkomandi.

¹ Barnavernd á Íslandi. Skýrsla um starfsemi Barnaverndarstofu árin 1995 – 1999. Barnaverndarstofa, 2000. S. 73

² Sama.

Svo sem við mátti búast reyndist örðugt að ná til viðmælenda, einkum unglínganna. Sumir, einkum þeir sem enn voru í neyslu fíkniefna, voru varir um sig, höfðu fengið nægju sína af afskiptum úr þessari átt eða ekki náðist til þeirra. Einn var látinn, sumir sátu í gæsluvarðhaldi, nokkra var rætt við í fangelsi, enn aðrir voru á kafi í vinnu, kusu að Háholtstíminn væri að baki og vildu ekki ræða hann. Alla jafnan var auðveldara að ná samvinnu við foreldrana. Margir þeirra kváðust fúslega vilja leggja sitt af mörkum til að könnun af þessu tagi tækist en nokkrir vildu ekki rifja upp þennan feril eða voru könnuninni andsnúnir.

Meginviðfangsefni könnunarinnar er afdrif unglínganna eftir útskrift. Hún er liður í eftirliti með meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu sem höfundur hefur haft með höndum frá árinu 2003. Hún fylgir í kjölfar annarrar sem höfundur gerði með einfaldari aðferðafræði á afdrifum unglínganna sem dvölu á öllum meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu á árunum 2002-2003³. Að þessu sinni var ákveðið að gera ítarlegri könnun sem tæki til lengri tíma og takmarka hana við aðeins eitt meðferðarheimilanna, en það þeirra sem tekur til dvalar og meðferðar þá unglínganna sem metnir eru hafa illviðráðanlegust vandamálín á hverjum tíma.

Meginrannsóknarspurningarnar voru skilgreindar svo áður en könnunin hófst:

- 1) Hver er árangur meðferðarinnar eftir dvöl á Háholti gagnvart þeim vandamálum sem leiddu á sínum tíma til vistunarinnar þar?
- 2) Hvaða þættir hafa áhrif á þennan árangur?

Eftirfarandi greinargerð takmarkast nokkuð við beinar tölulegar niðurstöður. Þær eru ekki settar í fræðilegt samhengi né eru dregnar af þeim víðtækar ályktanir um tilhögun meðferðar og meðferðarheimila fyrir unglínganna.⁴ Skipan efnis er með þeim hætti að fyrst verður ýmsum einkennum hópsins sem dvaldi á Háholti 1999 – 2004 lýst, síðan verður fjallað um breytur er varða meðferðarferlið þar og loks um afdrif unglínganna eftir útskrift og þau skoðuð í samhengi við nokkrar aðrar breytur.

Upphaflega var ráð gert fyrir betri heimtum en raunin varð, en viðtöl voru höfð við 29 unglínganna, 43 foreldra en aðeins í 29 tilvikum voru viðtöl höfð við bæði foreldri og unglíng. Í eftirfarandi verður í sumum tilvikum byggt einvörðungu á upplýsingum frá unglíngunum sjálfum, í sumum frá foreldrunum, í sumum frá báðum og verður þessa getið jafnóðum. Í einstökum tilvikum verður byggt á upplýsingum frá þriðja aðila varðandi afdrif. Með þessu móti var unnt að afla nokkuð áreiðanlegra upplýsinga um afdrif 50 unglínganna af þeim 51 sem könnunin tók til.

Tafla 1: Heimtur

Viðtöl við báða, foreldra og unglíng	25
Viðtöl við forelda aðeins	18
Viðtöl við unglíng aðeins	4
Viðtöl við unglíng alls	29
Viðtöl við foreldra alls	43
Upplýsingar um afdrif aðeins frá þriðja aðila	3

³ Jón Björnsson: Greinargerð um meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu jan-feb. 2004. Drög að árangursmati. 2004

⁴ Lesendum sem vilja setja niðurstöðurnar í slíkt samhengi má t.d. benda á bókina Tore Andreassen: *Behandling av ungdom i institusjoner. Hva sier forskningen?* Kommuneforlaget, Osló 2003 og heimilda sem þar er getið.

Engar upplýsingar	1
Samtals	51
Achenbach sjálfsmat unglings og foreldris	21
Achenbach mat foreldris á unglingi aðeins	16
Achenbach sjálfsmat unglings aðeins	6
Achenbach mat a.m.k. frá foreldri eða unglingi	43
Achenbach mat vantar með öllu	8
Samtals	51

II. Hópurinn í heild.

Alls dvöldu 51 unglingur á Háholti frá 1999 til ársloka 2004. Drengir voru 36 eða um 70% en stúlkur 15. Meðalaldur þeirra er vistun hófst nam 16 árum er fór heldur lækkandi er fram liðu stundir.

Tafla 2: Aldur unglunga er vistun hófst eftir árum

1999	16.4
2000	16.5
2001	15.8
2002	15.5
2003	15.5
2004	15.8

Meiri hluti hópsins var er vistun hófst á heimili með einstæðu foreldri eða með einstæðu foreldri og stjúpfareldri.

Tafla 3: Fjölskylduhagir unglunga er vistun hófst

Býr með báðum kynforeldrum	2
Býr með báðum kynforeldrum og systkini/um	8
Býr með öðru kynforeldri	4
Býr með öðru kynforeldri og systkini/um	11
Býr með öðru kynforeldri og stjúpfareldri	2
Býr með öðru kynforeldri, stjúpfareldri og (hálf)systkini/um	18
Annað	2
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Í viðtölum voru unglingar og foreldrar beðnir að meta efnahag heimilisins er vistun hófst.

Tafla 4: Efnahagur heimila unglunga er vistun hófst (mat ungl. og/eða for.)

Heimili fremur efnað	4
Efnahagur í meðallagi	30
Heimili fremur fátækt	13
Samtals	47

Bæði foreldrar og unglingar voru spurð um gengi unglingsins í skóla, ósamlyndi og árekstra á heimili, útgang, áfengis- og fíkniefnaneyslu, afbrot og yfirheyrslu lögreglu áður en til vistunarinnar kom. Þessu til viðbótar má finna upplýsingar um ástæður vistunarinnar í gögnum Barnaverndarstofu en þær eru teknar eru upp úr umsóknum viðkomandi barnaverndarnefnda og fjallað verður um þær síðar. Í eftirfarandi töflum er aðeins gerð grein fyrir svörum unglingsins og foreldranna sjáfra og sýn þeirra á aðdraganda vistunarinnar.

Það átti við um alla unglunga að einhverjir erfiðleikar höfðu komið fram í skólaveru þeirra áður en til vistunar kom en mismiklir og á mismunandi tímum. Algengt var að vel gengi framan af og erfiðleikarnir hæfust ekki fyrr en á unglingsárunum. Aðeins fimm unglingar töldu sjálfir að sér hefði gengið a.m.k. sæmilega í skóla er á heildina var litið.

Tafla 5: Mat unglunga og foreldra á gengi unglunganna í skóla og upphafsaldur vandræði í skóla ef við á. (U/F neikvæðara svarið látið ráða ef bar á milli)

Engir erfiðleikar varðandi nám, samskipti eða mætingar í skóla	0
Erfiðleikar varðandi nám, samskipti eða mætingar í skóla	47
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Aldur er erfiðleikar í skóla hófust:

6 ára, frá upphafi skólagöngu	16
7-9 ára	7
10 – 12 ára	11
13 ára	6
14 ára	6
15 ára	1
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Að líkum tengdust erfiðleikar sem hófust snemma á skólagöngu gjarnan ofvirkni/athyglisbresti og meðfæddum þáttum, en erfiðleikar sem hófust í seinni bekkjum grunnskólans fjarveru, neyslu og félagslegum þáttum.

Aðeins minnihluti unglunganna átti samfellda skólagöngu að baki (12 af 47). Meirihluti þeirra (35 af 47) hafði flosnað upp úr skóla um lengri eða skemmri tíma eða hætt að

sækja skóla með öllu áður en vistunin hófst. Meirihluti unglínganna (31 af 47) hafði notið einhverrar stuðnings- eða sérkennslu, í sumum tilvikum sérskóla, en 16 af 47 ekki.

Tafla 6: Mat unglíngna og foreldra á samkomulagi á heimilinu áður en vistun hófst. (U/F, neikvæðara svarið látið ráða ef bar á milli)

Mikið ósamkomulag um lengri eða skemmri tíma	45
Gott eða viðunandi samkomulag	2
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Algengast var að samkomulagið versnaði á aldrinum 13 til 14 ára. Unglíngar mátu þó svo að þetta hefði gerst fyrr en foreldrarir.

Tafla 7: Útivist áður en vistun hófst. (U/F neikvæðara svarið látið ráða ef bar á milli.)

Unglíngur hafði verið heila nótt að heiman í leyfisleysi	42
Unglíngur aldrei verið heila nótt að heiman í leyfisleysi	5
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Í tíu tilvikum hafði unglíngur verið 12 ára eða yngri er þetta gerðist í fyrsta sinn, en algengastur var aldurinn 13 og 14 ára. Í mörgum tilvikum var greint frá því að unglíngur hefði horfið að heiman um lengri tíma og þá undantekningarlaust í tengslum við neyslu fíkniefna.

Tafla 8: Neysla áfengis og/eða fíkniefna og upphafsaldur neyslu ef við á. (U/F, neikvæðara svarið látið ráða ef bar í milli)

Unglíngur hafði neytt áfengis/fíkniefna áður en vistun hófst	43
Unglíngur hafði ekki neytt áfengis/fíkniefna áður en vistu hófst	4
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Aldur er neysla hófst

9 ára	1
10 ára	4
11 ára	3
12 ára	12
13 ára	11
14 ára	10
15 -16 ára	2
Samtals	43

Örlítill munur var á kynjum í þá átt að neysla stúlkanna hæfist síðar

Tafla 9: Afbrot og upphafsaldur ef við á. (U/F, neikvæðar svarið látið ráða ef bar í milli.)

Unglingur hafði brotið lög áður en vistun hófst	40
Unglingur hafði ekki brotið lög áður en vistun hófst	7
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Aldur er brotin voru lög í fyrsta sinn

10 ára eða yngri	10
11 ára	3
12 ára	5
13 ára	6
14 ára	8
15 - 16 ára	7
Upplýsingar vantar	1
Samtals	40

Fleiri unglingar, eða 44, höfðu einhvern tíma verið teknir til yfirheyrslu hjá lögreglu heldur en báru að þeir hefðu framið brot og þá vegna félagsskapar við aðra sem gerst höfðu brotlegir.

Foreldrar unglínganna voru spurðir eftir því hvenær þeir, eftir á að hyggja, hefðu séð þess fyrst merki í fari barnsins/unglingsins sem síðar leiddi til vistunar á meðferðarheimili. Nítján þeirra (af 43) kváðust hafa séð þess merki áður en grunnskólaganga hófst, oft fljótt eftir fæðingu. Þeir lýstu þá oft óróleika eða ofsa, stundum þó aðeins hugboði sínu. Í þremur tilvikum kváðust foreldrar hafa séð þessi merki strax í upphafi skólagöngu. Algengast var þó að þeir sæu greinilega fyrstu merkin kringum fermingaráldurinn (12 - 13 ára: 7, 14 – 15 ára: 9) og þá oft í tengslum við neyslu, útivist og óheppilegan félagsskap.

Unglingarnir á Háholti höfðu mikla og oft langa reynslu af vistunum á ýmsum meðferðarstofnunum áður en til vistunar á Háholti kom. Greining og eftir atvikum nokkurra vikna meðferðardvöl á meðferðarstöð ríkisins fyrir unglíngum að Stuðlum er alla jafnan undanfari vistunar á meðferðarheimili Barnaverndarstofu, enda kom fram í könnuninni að 45 unglínganna af 47 höfðu dvalið þar í greiningu/meðferð en jafnframt í neyðarvistun sem þar er til húsa, sumir margoft. Aðeins 11 unglíngar af 47 báru að þeir hefðu aðeins verið á Stuðlum en ekki dvalist í öðrum meðferðarúrræðum. Athuga verður í eftirfarandi töflu að meiri líkur eru á að vistanir hafi verið vantaldar en oftaldar.

Tafla 10: Vistanir á meðferðarstofnunum/fósturheimilum áður en vistun á Háholti hófst. (Upplýsingar fyrirbyggjandi um 45 unglíngum.)

Unglingar sem höfðu dvalið á Stuðlum	45
Unglingar sem aðeins höfðu dvalið á Stuðlum	11
Unglingar sem dvalið höfðu á BUGL eða annarri geðdeild	18
Unglingar sem bæði höfðu dvalið á Stuðlum og BUGL eða annarri geðdeild	17
Unglingar sem höfðu dvalið á öðru meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu á undan Háholti	22
Unglingar sem höfðu dvalið í fósturvistun/sveitaheimili	10
Unglingar sem höfðu dvalið í öðrum meðferðarheimilum (s.s. að Kleifarvegi, Vogu, Teigi, Búðargerði o.fl.)	12

Fjöldi meðferðarvístana á undan Háholti

Meðferðarvöl á einum stað aðeins	12
Meðferðarvöl á tveimur stöðum	12
Meðferðarvöl á þremur stöðum	16
Meðferðarvöl á fjórum stöðum	5
Meðferðarvöl á fimm stöðum	0
Meðferðarvöl á sex stöðum	1
Meðferðarvöl á sjö stöðum	1
Upplýsingar vantar	4
Samtals	51

Hjá Barnaverndarstofu liggja fyrir upplýsingar um ástæður vistunar á Háholti. Í öllum tilvikum er um margar samtvinnaðar ástæður að ræða. Unglingarnir og foreldrar þeirra voru einnig spurðir um það hvaða ástæður þeir sæu fyrir að til vistunar kom. Eftirfarandi tafla leggur þessar ástæður saman, þannig að ef tiltekin ástæða kom fram annað hvort í gögnum Barnaverndarstofu um vistunina eða í svörum foreldra eða unglínganna sjálfra birtist hún í þessari töflu. Taflan tekur ekki til allra ástæðna sem nefndar voru, en sumar eru tilteknar í hart nær hverju einasta tilfalli og eru nánast sjálfsagðar (t.d. hegðunarvandkvæði).

Tafla 11: Ástæður sem fram koma í viðtölum við unglínga og foreldra eða í gögnum Barnaverndarstofu fyrir vistun á Háholti

Áfengis- eða fíkniefnaneysla	45 af 47 eða um 96%
Ofvirkni og/eða athyglisbrestur	30 af 47 eða um 64%
Ofbeldishegðun	27 af 47 eða um 57%
Geðröskun (önnur en ofvirkni)	19 af 47 eða um 40%
Kynferðisleg misnotkun (þolandi)	7 af 47 eða um 15%
þar af eru fimm stúlkur	
Einelti (þolandi)	9 af 47 eða um 19%

Þá nefndu unglíngarnir og foreldrar þeirra í 34 tilvikum eitthvert tiltekið áfall sem unglíngurinn hefði orðið fyrir á ævi sinni sem áhrifavald um hvernig hann þróaðist, oft sáu þeir slíkan atburð sem einskonar lykilatburð sem hefði hrundið af stað þróun í átt til

neyslu, afbrota og margháttaðra hegðunarvandkvæða. Í eftirfarandi töflu eru hin helstu þessara áfalla nefnd, en þar er, eins og í töflu 11, mjög líklega um lágmarkstíðni að ræða.

Tafla 12: Áföll í lífi unglinganna á Háholti, nefnd af þeim og foreldrum þeirra sem skýring á að til vistunarinnar hafi komið.

Skilnaður foreldra	12
Forsjárdeila	1
Ósamkomulag við stjúppforeldri	6
Höfnun foreldris (við skilnað)	4
Slys fyrr á ævinni	2
Sviplegur missir nákomins ættingja (sjálfsvíg)	3
Kynferðisleg misnotkun	7
Ofbeldi á heimilinu	6
Ofneysla áfengis/vímuefna á heimilinu	9
Vanræksla í æsku	3
Einelti	5
Flutningur og skólaskipti	3
Kynni við slæma félagi á viðkvæmu skeiði	9

Þá nefndu margir, bæði unglingarnir og foreldrar, að þeir hefðu haft meðfædda hneigð til að ánetjast vímuefnum og/eða væru haldnir óviðráðanlegri spennufíkn.

Hinn dæmigerði unglingur á Háholti á árunum 1999 til 2004 hafði því að baki sögu um mikil vandræði í skóla oft frá upphafi skólagöngu. Um lengri eða skemmri tíma hafði ríkt ósamkomulag eða reiði í hans garð hjá fjölskyldunni. Oftar en ekki var hann alinn upp hjá einstæðu foreldri eða stjúppforeldri. Hann hafði í flestum tilvikum áður verið á meðferðarstofnunum um lengri eða skemmri hríð en án árangurs. Hann hafði neytt áfengis eða oftar vímuefna í því óhófi að hann missti tök á að samlagast umhverfi sínu, fjölskyldu og skóla. Hann hafði leiðst út í afbrot, ýmist í leit að spennu sem barn eða til að fjármagna neyslu sína síðar. Ævin að baki var ríkari af áföllum af ýmsu tagi en gengur og gerist um unglinga. Hann skýrði vandkvæði sín sem leiddu til vistunarinnar ýmist sem afleiðingu af þessum áföllum eða sem nánast óviðráðanlegar erfðir.

III. Meðferðin

Sem fyrr segir hefur aldur unglínganna við upphaf vistunar á meðferðarheimilinu Háholti farið lækkandi. Jafnframt því hefur dvalartími styst. Frá og með árinu 2006 hefur dvalartími verið miðaður við sex mánuði með endurkomumöguleika ef árangur er annar en stefnt var að. Frá sama tíma er gengið út frá að jafnaðarlega dvelji 4-5 unglíngar samtímis á heimilinu.

Tafla 13: Meðalaldur er vistun hófst eftir árum, meðalaldur við útskrift og meðaldvalartími í dögum.

Ár	Vistun hófst	Vistun lauk	Meðal- dvöl
1999	16.4	16.7	134 ⁵
2000	16.5	17.2	234
2001	15.8	17.4	238
2002	15.5	16.7	274
2003	15.5	16.0	228
2004	15.8	16.7	199
Meðaltal	16.0	16.7	214

Könnuð var afstaða unglínganna og foreldra til dvalartímans. Fjórum af hverjum tíu unglínganna fannst dvölin hafa verið of löng en aðeins einn af tíu foreldranna var þessarar skoðunar. Sex af tíu foreldranna fannst dvölin hins vegar hafa verið of stutt, en fjórðungur unglínganna var þeirrar skoðunar. Það er athyglivert að einungis um 14% foreldranna telur dvölin hafa verið hæfilega langa.

Tafla 14: Mat unglínganna og foreldranna á hæfileika dvalartímans.

	Unglingar	Foreldrar
Dvölin of löng	12 eða um 40%	5 eða um 10%
Dvölin of stutt	7 eða um 25%	25 eða um 60%
Dvölin hæfileg	9	6
Upplýsingar vantar	1	7
Samtals	29	43

⁵ Athuga ber að nokkrir unglínganna þetta ár höfðu hafið vistun að Bakkaföt.

Í upphafi dvalar er gerð áætlun um lengd hennar. Á dvalartímanum kann áætlun um dvalartímann að koma til endurskoðunar. Flestir unglínganna útskrifuðust á tilsettum tíma en fjórðungur þeirra, 13 af 50, yfirgaf meðferðina (strauk, mætti ekki úr leyfi, með eða án samþykkis foreldra) fyrr en áætlun sagði til um.

Mikill meiri hluti bæði unglínga of foreldra telur að unglíngurinn hafi haft gagn af dvölinni á Háholti, þrátt fyrir hver stór hluti þeirra sneri til sama atferlis eftir útskrift sem verið hafði ástæða dvalarinnar eins og síðar verður komið að. Nokkrir foreldrar minntust einnig á það að fyrra bragði hvert gagn þeir hefðu sjálfir haft af vistuninni; áhyggjum hefði létt af þeim og þeir hefðu slakað á og hvílst.

Tafla 15: Mat unglínganna og foreldranna á gagnsemi vistunarinnar.

	Unglingar	Foreldrar
Unglingur hafði gagn af dvölinni	21 eða um 70%	30 eða um 70%
Gagni bæði og	0	6
Unglingur hafði ekki gagn af dvölinni	6	6
Veit ekki – svar vantar	2	1
Samtals	29	43

Í 29 tilvikanna voru unglíngar og foreldrar samdóma um að dvölin hefði gagnast unglíngnum. Aðeins í tveim tilvikum voru unglíngar og foreldrar samdóma um að dvölin hefði ekki gagnast unglíngnum. Í öðru tilvikinu sagði unglíngurinn til skýringar: “Ég var búinn að fara í svo margar meðferðir.”

Unglíngar og foreldrar voru spurðir hvað hefði virkað í meðferðinni og haft jákvæð áhrif og eins hitt hvað hefði ekki virkað og komið í veg fyrir að dvölin yrði að gagni. Í eftirfarandi er yfirlit yfir helstu svörin

Tafla 16: Mat unglínganna á hvað hafi virkað í meðferðinni

Lærði og lauk áfanga í námi (2)
 Ég var stöðvuð/aður og fékk að þroskast í friði (3)
 Lærði að hafa reglu á hlutunum
 Sambandið við Allan (forstöðumanninn) (2)
 Aginn og reglurnar
 Ég lærði að standa á eigin fótum
 Starfsfólkið var gott
 Ég hætti að vera kærulaus
 Hestarnir (2)
 Að vera edrú (2)
 Fundirnir
 Ég fór að halda dagbók
 Hrós sem ég fékk
 Dagskráin og kynni af AA (2)
 Vinna (2)

Tók bílpróf
Ferðalög

Tafla 16: Mat unglínganna á hvað hafi komið í veg fyrir að dvölin kæmi að gagni.

Ég var ekki tilbúin(n) til að taka á móti hjálp (2)
Ég átti ekki samleið með hópnum (2)
Háholt var bara geymsla

Tafla 17: Mat foreldranna á hvað hafi virkað í meðferðinni

Lærði og lauk áfanga í námi (3)
Sambandið við Allan (forstöðumanninn) (8)
Aginn, rammi, fastar skorður (8)
Góðir starfsmenn (5)
Unglingurinn opnaðist (5)
Unglingurinn fór í annað umhverfi (3)
Hestar
Að unglíngurinn leit á Háholt sem endastöð
Unglingurinn stöðvaðist, fór að hugsa, komst í jafnvægi (5)
Unglingurinn fékk (aftur) traust (til annarra) (3)
Bústörf, vinnan (2)
Þarna var alltaf tekið strax á öllu
Unglingurinn fékk örvun og hvatningu (2)
Ráðgjöfin og meðferðarvinnan (2)
Unglingurinn var edrú
Unglingurinn fékk (aftur) sjálfsvirðingu
Unglingurinn lærði að tjá sig og eiga samskipti

Tafla 18: Mat foreldranna á hvað hefði komið í veg fyrir að dvölin kæmi að gagni.

Dvölin of stutt (5)
Unglingurinn var neikvæður, ómóttækilegur, viðurkenndi ekki vandann (4)
Unglingurinn lenti í ástarsambandi á Háholti sem hafði neikvæð áhrif
Of lítil meðferð
Of mikil lyf fylgdu unglíngnum (frá BUGL)
Átti ekki samleið með öðrum, var ekki í réttum hópi með neytendum (2)

Af þessum svörum unglínganna og foreldranna um hvað virkaði og gerði gagn í meðferðinni skal sérstaklega bent á eftirfarandi atriði:

- að unglíngurinn var “stoppaður af”, hann hætti neyslu, fékk tóm og frið til þess að læra, þroskast og hugsa sinn gang. Mikilvægi þess eins að unglíngurinn væri tekinn úr umferð og neyslu og settur niður í allt annað umhverfi þar sem hann

fékk ráðrúm til þess að þroskast kom, auk þess sem hér er nefnt, aftur og aftur fram í viðtölunum við bæði unglíngana og foreldrana

- að unglíngurinn var settur í fastar skorður, ramma, undir aga en áður hafði hann oftast verið stjórn- og agalaus um hríð og stimpast við öll mörk
- starfsfólkið. Þess verður að gæta að langflestir unglínganna koma meira eða minna til neyddir og nauðugir til dvalarinnar. Þess mætti vænta að starfsfólkinu og vinnuaðferðum væri kennt oftast um þegar dvölin kom fyrir ekki, en hér sjá bæði unglíngarnir og foreldrarnir sökina miklu oftast hjá unglíngnum sjálfum en þeir kenni starfsfólki og vinnuaðferð heimilisins um; að hann hafi ekki verið tilbúinn til að þyggja hjálp, að hann hafi verið neikvæður. Hér má sérstaklega benda á það sem einnig kom fram miklu víðar í samtölum við bæði foreldra og unglínga, hve persóna Sveins Allan Morthens hafði verið unglíngunum mikilvæg og þýðingarmikil.

Tvennt skal bent á sérstaklega sem kennt er um þegar dvölin kemur ekki að gagni og hvort tveggja kemur einnig skýrt fram þegar fjallað er um hugmyndir unglínga og foreldra um hvernig breyta ætti meðferðarheimilunum svo þau gerðu meira gagn.

- að langflestir unglínganna á Háholti voru allharðir neytendur fíkniefna. Unglíngum með annars konar vandamál en fíkn fannst þeir eiga takmarkaða samleið með öðrum, og oft kom fram að þeir höfðu kynnst fíklum og jafnvel ánetjast fíkniefnum síðar í framhaldi þeirra kynna. Þetta síðasttalda atriði á í einhverjum mæli við um Háholt, en í viðtölunum kom margoft fram hve mjög þetta átti við um Stuðla, þar sem unglíngar, oft mjög ungir, með ýmis konar hegðunarvanda og í uppreisnarhug eru vikum saman samvistum við harða fíkniefnaneytendur sem eru fúsir til að kenna og deila reynslu sinni með nýliðum.
- að foreldrum finnst oft að dvölin á Háholti hafi verið of stutt og það hafi komið í veg fyrir að gagn yrði að henni. Það vakti raunar athygli og kemur betur fram síðar, hve algengt það er að dvöl unglínganna á Háholti lauk bratt og úr samræmi við áætlun, fyrr en ráð hafði verið fyrir gert.

Fyrir unglíngana var lögð sú spurning hvort þeir nú eftir á teldu að mikilvægt eða jafnvel nauðsynlegt hafi verið fyrir þá að fara að heiman á þeim tíma sem vistunin hófst og 25 af 29 sögðu að eftir á séð hafi svo verið. 27 þeirra af 29 sögðu að það hafi einnig verið æskilegt eða nauðsynlegt fyrir sig á þeim tíma að fara út í sveit í víska einangrun og ró fremur en vera í þéttbýli. Þá voru unglíngarnir einnig spurðir hvaða áhrif þeir teldu að samvistirnar við hina unglíngana sem dvöldu samtímis þeim á Háholti hefði haft á þá.

Tafla 19: Mat unglínganna á áhrifum annarra unglínga á heimilinu á sig.

Höfðu slæm áhrif	10
Höfðu góð áhrif	1
Breyttu engu	17
Veit ekki	1
Samtals	29

Allmargir unglिंगanna tóku fram að þeir hefðu áður verið í svipuðum félagsskap eða stefnt í hann hvort sem til Háholtsdvalarinnar hefði komið eða ekki. Það er því mat unglिंगanna sjálfra að félagsskapurinn á Háholti hafi ekki spilt sér. Hins vegar nefndu nokkrir að fyrra bragði að það hafi félagsskapurinn á Stuðlum og í Einholtsskóla ótvírætt gert á sínum tíma og þar hafi þeir fyrst komist í kynni við (harða) fíkniefnaneytendur.

Tafla 20: Mat unglिंगanna á aga, þeim sýndri virðingu og dagskrá á Háholti.

Agi mátulegur	15	Dagskrá of mikil	4
Agi of mikill	8	Dagskrá of lítil	7
Agi of lítill	4	Dagskrá mátuleg	16
Veit ekki	2	Veit ekki	2
Samtals	29	Samtals	29
Unglingunum sýnd nóg virðing		17	
Unglingunum ekki sýnd nóg virðing		7	
Veit ekki		5	
Samtals		29	

Foreldrar voru spurðir um samskipti sín við meðferðarheimilið. Þeir mátu þau afar jákvætt. 37 sögðu að samskiptin hefðu verið góð, fjórir höfðu átt lítil sem engin samskipti við heimilið meðan á dvöl unglingsins stóð og aðeins tveir sögðu að samskiptin hefðu verið slæm og annar tók það fram að ástæðunnar hefði alfarið verið að leita hjá sjálfum sér.

Það eru barnaverndarnefndir í heimasveit, oftast félagsráðgjafar fyrir þeirra hönd, sem leggja inn umsókn um vistun á meðferðarheimili Barnaverndarstofu, sækja ásamt foreldrum meðferðarfundum meðan á dvöl unglings stendur og skipuleggja og eftir atvikum annast eftir meðferð er dvöl lýkur ef unglingur hefur þá ekki náð 18 ára aldri. Alla jafnan eiga því foreldrar og viðkomandi unglingur samskipti við fulltrúa barnaverndarnefndar fyrir vistun, á meðan á henni stendur og oft einnig eftir að henni lýkur. Þeir voru spurðir um þessi samskipti.

Tafla 21: Samskipti unglinga og foreldra við starfsmenn barnaverndarnefndar

	Unglingar	Foreldrar
Samskipti fyrir vistun góð	10 (um 35%)	27 (um 70%)
Samskipti fyrir vistun slæm	13 (um 45%)	10 (um 25%)
Samskipti fyrir vistun sæmileg	5	2
Veit ekki/voru engin	1	4
Samskipti meðan á vistun stóð góð	13 (um 50%)	25 (um 65%)
Samskipti meðan á vistun stóð slæm	8	9
Samskipti meðan á vistun stóð sæmileg	5	3
Veit ekki /voru engin	3	6

Samskipti eftir dvöl góð	10 (um 55%)	19 (um 65%)
Samskipti eftir dvöl slæm	5	9
Samskipti eftir dvöl sæmileg	3	2
Veit ekki/voru engin	11	
Samtals	29	43 ⁶

Ef samskiptin höfðu verið slæm var spurt nánar út í ástæður þess.

Tafla 22: Mat unglunga og foreldra á ástæðum fyrir slæmum samskiptum við starfsmenn barnaverndarnefnda ef voru.

Unglingar:

- Leit niður á mig, hlustaði ekki á mig
- Skipti sér ekkert af mér, nennti ekki að vinna.
- Ég vildi ekki tala við hann.
- Það voru alltaf að koma nýir starfsmenn að málinu
- Þeir voru leiðinlegir, óþolandi
- Þeir voru óáreiðanlegir, ekkert stóðst sem þeir sögðu.

Vissulega voru einnig jákvæðar athugasemdir: góð manneskja, dýrka hana

Foreldrar:

- Það var enga aðstoð að fá eftir að unglingurinn varð 18 ára (3)
- Þeir voru óáreiðanlegir, stóðst ekki það sem þeir sögðu (4)
- Ör skipti, það voru sífellt að koma nýir starfsmenn að málinu (2)
- Gerðu ekkert
- Skildu ekki vandann

Á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu, einnig á Háholti, er gert ráð fyrir því að unglingur, aðstandendur hans, fulltrúar meðferðarheimilisins og fulltrúi barnaverndarnefndarinnar í heimasveit unglingsins eigi með sér fund nokkru áður en dvöl

⁶ Athuga skal að hundraðshlutar miðast hér aðeins við þá sem höfðu einhver samskipti við fulltrúa barnaverndarnefndar.

unglingsins lýkur þar sem samin er áætlun um hvað við taki hjá unglíngnum eftir útskrift: búseta, vinna eða nám, frekari ráðgjöf o.s. frv., í því skyni að fylgja eftir meðferðinni á heimilinu og tryggja hann í sessi. Spurt var um þessa áætlun, hvort hún hafi verið gerð, hvort unglíngurinn hafi verið sáttur við áætlunina og hvort hún hafi verið haldin.

Tafla 23: Gerð áætlunar um eftirfylgd meðferðar, sátt unglingsins við hana og efndir.

Áætlun gerð	35
Engin áætlun gerð	11
Upplýsingar vantar	1
Samtals	47
Unglingur kveðst hafa verið sáttur við áætlunina	12
Unglingurinn kveðst hafa verið ósáttur við áætlunina	8
Veit ekki/upplýsingar vantar	15
Samtals	35
Áætlun gerð og haldin	6
Áætlun gerð og haldin að einhverju leyti	4
Áætlun gerð en ekki haldin	25
Samtals	35

Áætlun um eftirfylgd er því aðeins gerð í þremur tilvikum af hverjum fjórum. Ástæður þess voru oftast að dvöl unglingsins lauk bratt og fyrir en áætlað hafði verið.

Aðeins í þriðja hverju tilviki þegar áætlun er gerð var unglíngurinn sáttur við hana. Ástæður þess geta verið að hann jánki því sem stungið er upp á til þess að tefja ekki útskrift, eða að honum séu gerðir kostir sem hann í raun ekki vill ganga að.

Aðeins í tveimur tilvikum af hverjum tíu þegar áætlun er gerð kemst hún einnig til framkvæmda.

Langoftast var það unglíngurinn sem stóð ekki við sinn hlut af áætluninni, oftast með því að hefja neyslu á ný. Þetta átti við í 23 tilvikum af 25. Í eitt sinn var álitid að áætlunin hafi verið óraunhæf frá upphafi og í einu tilviki er ytri aðstæðum kennt um. Það virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir varaáætlun, ef unglíngurinn stæði ekki við sinn hlut, t.d. endurkomu á meðferðarheimili, eða slíkri áætlun ekki fylgt eftir. Þegar og ef unglíngurinn féll í sama far og áður eftir útskriftina af Háholti fannst því foreldrum oft að málið væri komið á byrjunarreit á ný.

Bæði unglíngur og foreldri voru spurð hvort þau væru enn í einhverju sambandi við Háholt þegar viðtalið var tekið. Þessu svöruðu 9 unglíngar af 29 játandi, hringdu stöku sinnum og þá oftast í Svein Allan, en aðeins eitt foreldri.

Loks voru bæði unglíngur og foreldrar spurð hver eða hvað hefði hjálpað unglíngnum best í lífinu hingað til. Augljóst var að báðir skildu spurninguna á þann veg hvað eða hver hefði hjálpað unglíngnum best í gegnum þau vandræði sem hann hafði ratað í fyrir Háholtsdvölinu og eins eftir hana. Svörin voru bæði mörg og fjölbreytt og til voru kölluð

fjölskylda, Guð, meðferðarstofnanir og einstakir starfsmenn á stofnunum, sem ekki síður en Guð verðskulda að nöfn þeirra séu nefnd.

Tafla 24: Mat unglunga og foreldra á hvað/hver hefði hjálpað þeim best í lífinu hingað til (Oft fleiri en eitt svar frá hverjum).

	Svör unglinganna	Svör foreldranna
Sveinn Allan	11	3
Guð/trú	3	2
Mamma	3	13
Pabbi	3	1
Foreldrarnir	5	5
Fjölskyldan	4	3
Amma	2	1
Kærasti/a	3	
Barnið mitt	2	
Vernd	1	
AA		1
Litla-Hraun, fangelsi		2
Félagsráðgjafi hjá barnaverndarn.		2
Háholt, meðferðarheimili	4	7
Hvítárbakki, meðferðarheimili		1
Torfastaðir, meðferðarheimili		1
Stuðlar	1	
Jón Friðrik, sálfræðingur	1	2
Mímir á Stuðlum	1	
Sigurður á Hvítárbakka	1	
Inga á Hvítárbakka	1	
Ingi á Hvítárbakka	1	
Georg Heider á Skjöldólfsstöðum	1	
Frímann í Árbót		1
Hafsteinn á Háholti		2
Ráðgjafar í Krýsuvík	1	
Tilsjónarmaður	1	1
Sveitabær/fósturheimili		1

Samtals voru því kallaðir hér til sögu 28 aðilar, með alls 99 tilnefningar frá unglungum og foreldrum. Séu nú þessar tilnefningar flokkaðar í fjölskyldu/aðstandendur, fagaðila/ opinberar stofnanir og loks guð eru svör beggja, unglunga og foreldra, mjög á sömu lund. Fagfólk/stofnanir er í efsta sæti (unglingar: 25, foreldrar: 24), strax á hæla þeim kemur fjölskyldan/aðstandendur (unglingar 22, foreldrar 23) en lestina rekur Guð almáttugur með þrjár tilnefningar frá unglungum en tvær frá foreldrum.

IV. Afdrifin

Meginviðfangsefni og meginbreyta þessarar könnunar eru afdrif unglínganna eftir að dvölínni að Háholti lauk og árangurínn sem náðist í því að leiðrétta þá bresti í fari unglínganna sem leiddu til vistunarínnar.

Nú liggur það hvergi nærri í augum uppi hvað átt er við með árangri í þessu sambandi. Fræðimenn leggja fjölmarga og misjafna mælikvarða á árangur meðferðar á unglíngum. Hér verður þeirri umræðu gerð lítil skil en nokkurt yfirlit yfir hana má fá í öðrum kafla áður nefndrar bókar eftir Tore Andreassen og heimildum þeim sem þar er vísað til.

Eitt álitamála í þeirri umræðu er hvaða tímaviðmið skuli lagt til grundvallar, t.d. hvort gengið skuli út frá mati á árangri tilteknum mánuða- eða árafjölda eftir að meðferð lýkur, og þá hverjum, eða hvort gegnið skuli út frá einhverju tilteknu aldursári, og þá hverju. Í þessari könnun liðu lengst 76 mánuðir frá útskrift til viðtals, skemmst aðeins 11 mánuðir, svo augljóst er að stutt reynsla er komin á afdrif unglínganna.

Annað augljóst álitamál er hvað af árangrinum megi rekja til dvalarínnar á Háholti sérstaklega og hvað af árangrinum grundvallist á öðrum þáttum. Það kom fram að mjög stór hluti unglínganna tók aftur upp það sama atferli fljótlega eftir útskriftina af Háholti sem leitt hafði til vistunarínnar á sínum tíma. Það er einnig ljóst að töluverður hluti unglínganna fór eftir Háholtsdvölinu á aðrar (meðferðar)stofnanir, út af þessum sama vanda. Þá lýstu margir unglínganna sem höfðu tekið upp nýja hætti lykílatburðum (t.d. barneign, t.d. afplánun í fangelsi) sem höfðu valdið vatnaskílum í lífi þeirra og fengið þá til að endurskoða sinn veg. Hvort og í hverjum mæli þeim nýttist veganestið sem þeir höfðu fengið á Háholti til að feta nýja slóð eru spurningar sem ekki er auðsvarað og það verður ekki reynt hér.

Í fyrirliggjandi könnun var m.a. þeirri aðferð beitt, að skípta unglíngunum í þrjá hópa. Einn hópurínn sýndi nokkuð ótvíræð merki um að þeir væru að ná fótfestu í lífinu og hafði ýmist snúið til venjulegs lífernís jafnaldra sinna eða virtist líklegur til þess. Þennan hóp leyfir höfundur sér að nefna *hina efnilegu*.

Annar hópur unglínganna sýndi nokkuð ótvíræð merki um að þeir hefðu tapað fótfestu enn frekar eftir að dvölínni á Háholti lauk og fjarlægðust venjulegt líferni jafnaldra sinna. Margir þessara unglínginga afplánuðu refsívist og/eða höfðu tamið sér meiri og áhættusamari neyslu vímuefna en áður. Höfundur leyfir sér að nefna þennan hóp *hina óefnilegu*.

Þriðji unglíngahópurínn og sá stærsti var sá sem fór milliveg milli hinna tveggja. Um hann gat brugðið til beggja vona og þeir unglíngar höfðu enn ekki tekið ótvíræð skref í aðra áttina eða hina. Þennan hóp nefnir höfundur *hina óráðnu*.

Hér skal enn á það minnt hve skammur tími var liðinn milli útskriftar af Háholti og viðtals, sem gerir dílkadrátt af þessu tagi enn ónákvæmari en ella. Einu ári eftir að viðtalið fór fram, að ekki sé talað um fimm árum síðar, mun hópur *hinn óráðnu* hafa gísnað, nokkrir þaðan hafa færst í flokk *hinna efnilegu*, nokkir í hóp *hinna óefnilegu*. Það er meira en líklegt að einhverjir þeirra sem sýndust efnilegir á stund viðtalsins muni missa fótanna og eins hitt, að einhverjir sem í þessari könnun virtust fylla flokk *hinna*

óefnilegu muni yfirgefa hann. 76 mánuðir er skammur tími í þroskasögu unglingsanna á Háholti. Þeir eru enn, jafnvel þessum mánuðum eftir útskrift, á öðrum stað á lífsbrautinni heldur en jafnaldrar þeirra, þeir hafa tafist í lífsundirbúningnum eða þroska sínum og eru margir að glíma við verkefni og ákvarðanir sem ungt fólk á sama aldri á að baki. Erfiðleikarnir sem unglingsarnir á Háholti gengu í gegnum ullu þeim oft, kannski alltaf, þroskatöf, sem stundum mætti jafnvel nefna þroskaheftingu.

Með öllum þeim fyrirvörum sem hér hefur verið dregið á, verður því næst lýst á hverju þríflokkunin grundvallaðist. Síðan verður gerð grein fyrir einkennum hópanna hvers um sig og á hvern hátt þeir voru mismunandi varðandi nokkrar breytur, án þess að álykta megi út frá þeim mismun um orsakir og orsakasamhengi.

Flokkunin byggði á upplýsingum frá unglingsnum sjálfum og/eða foreldrum þeirra og í einstöku tilvikum frá þriðja aðila um eftirtalin atriði:

- Hvort unglingsurinn sjálfur og/eða foreldri hans voru bjartsýn eða svartsýn á framtíðina fyrir hans hönd á þeirri stundu er könnunin átti sér stað.
- Hvort unglingsnum sjálfum, og/eða foreldrum hans, fannst, þegar á heildina var litið, að sér hefði vegnað vel eða illa frá því dvölinni á Háholti lauk.
- Hvort unglingsurinn kvaðst hafa nýtt vímuefna undanfarna sex mánuði áður en viðtal átti sér stað, og/eða hvort foreldrar hans vissu til þess.
- Hvort unglingsurinn stundaði vinnu og/eða sótti skóla er viðtalið átti sér stað, byggt á upplýsingum hans sjálfs og/eða foreldra hans.
- Hvort unglingsurinn hafði lokið grunnskólaprófi (en allir höfðu náð átján ára aldri er könnunin fór fram)
- Hvort unglingsurinn afplánaði fangelsisvistun er könnunin fór fram.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum var skilgreindur hópur 14 unglingsanna sem töldust *efnilegir* í áðurnefndri merkingu. Enginn þeirra afplánaði fangelsisdóm. Allir í þeim hópi stunduðu vinnu, sóttu skóla eða hvort tveggja, að fáeinum frátöldum sem voru í fæðingarorlofi eða barneignarfrí frá vinnu. Tólf þessara átján höfðu lokið grunnskólaprófi. Sjálfir og/foreldrar þeirra töldu í átta tilvikum að vel hefði gengið frá útskriftinni á Háholti, í sex tilvikum bæði/og, í engu tilviki illa. Um alla gildi að annað hvort sögðust þeir sjálfir vera bjartsýnir á framtíðina eða foreldrar þeirra sögðu það, oftast voru þeir samdóma. Í engu tilviki ríkti svartsýni. Tíu af þessum fjórtán unglingsnum neyttu ekki áfengis eða vímuefna og höfðu ekki gert undanfarna mánuði að sögn þeirra sjálfra og/eða foreldranna.

Með hliðsjón af sömu upplýsingum var skilgreindur hópur 18 unglingsanna sem töldust *óefnilegir* í áðurnefndri merkingu, og er þá oftalið um einn sem var látinn og hafði vímuefnaneysla ráðið úrslitum um það. Átta þessara unglingsanna afplánuðu fangelsisdóma er könnunin fór fram. Tíu þeirra höfðu enn ekki lokið grunnskólaprófi. Umsagnir foreldra fimmtán þessara unglingsanna lágu fyrir og átta þeirra kvaðust vera svartsýnir á framtíð þeirra, hinir kvaðust vera milli vonar og ótta. Að sögn foreldra neyttu allir níu unglingsarnir sem voru lífs og utan fangelsa áfengis eða vímuefna, flestir oft eða daglega.

Með þessu móti voru aðgreindir nokkuð óyggjandi tveir hópar sem þegar könnunin fór fram voru næsta ólíkir og virtust stefna í gagnstæðar áttir. Á milli þeirra röðuðust átján unglingsar (um afdrif eins var ekki vitað) sem fylla flokk *hinna óráðnu*.

Sem fyrr segir skiptust unglingsarnir í 36 drengi (70%) og 15 stúlkur (30%).

Tafla 26: Skipting kynja eftir gengi.

	Drengir	Stúlkur
Hinir efnilegu	6	8
Hinir óefnilegu	16 (um 90%)	2 (um 15%)
Hinir óráðnu	11	5
Upplýsingar vantar	1	
Samtals	36 (um 70%)	15 (um 30%)

Þegar viðtal var tekið (eða mat fór fram) var meðalaldur unglínganna tuttugu ár. Það munaði litlu á undirhópunum en þó var árs munur í meðalaldri milli hinna efnilegu og hinna óefnilegu og þeir síðarnefndu yngri.

Að meðaltali höfðu liðið 41 mánuður frá útskrift af Háholti til þess er viðtal var tekið. Þessi tími var miklu skemmri í hópi hinna óefnilegu eða 32 mánuðir andspænis 46 mánuðum í hópi hinna efnilegu.

Tafla 27: Meðalaldur er viðtal var tekið eftir gengi. Meðaltími liðinn frá útskrift til viðtals eftir gengi í mánuðum.

	Fjöldi	Meðalaldur er viðtal var tekið	Meðaltími liðinn frá útskrift
Hinir efnilegu	14	20.7 ár	46 mán
Hinir óefnilegu	18	19.6 ár	32 mán
Hinir óráðnu	18	20.1 ár	46 mán
Alls	50	20.0 ár	41 mán
Uppl. vantar	1		

Að meðaltali hafði heildarhópurinn verið 15 ára og 9 mánuða gamall við upphaf dvalarinnar að Háholti en 16 ára og 6 mánuða við útskrift. Nokkur munur var á undirhópunum en hinir efnilegu voru nokkrum mánuðum eldri að meðaltali við innritun og útskrift en hinir óefnilegu.

**Tafla 28: Meðalaldur við innritun eftir gengi
Meðalaldur við útskrift eftir gengi.⁷**

	Fjöldi	Meðalaldur við innritun	Meðalaldur við útskrift
Hinir efnilegu	14	16. 4	16.10
Hinir óefnilegu	18	15. 9	16. 4
Hinir óráðnu	18	15. 8	16. 3
Alls	50	15. 9	16. 6
Uppl. vantar	1		

Meðaldvalartími unglinganna í meðferðinni að Háholti var 217 dagar. Hinir efnilegu dvöldu allmiklu skemur í meðferðinni að Háholti en hinir óefnilegu.

Tafla 29: Meðaldvalartími að Háholti í dögum.

	Fjöldi	Dvöl
Hinir efnilegu	14	199 dagar
Hinir óefnilegu	18	236 dagar
Hinir óráðnu	18	213 dagar
Alls	50	217 dagar
Upplýsingar vantar	1	

Sem fyrr segir er í upphafi dvalar gerð áætlun um lengd hennar. Á dvalartímanum kann áætlun um dvalartímann að koma til endurskoðunar. Flestir unglinganna útskrifuðust á tilsettum tíma en fjórðungur þeirra yfirgaf meðferðina (strauk, mætti ekki

⁷) Mismunur gagnvart töflu 13 skýrist af því að hér eru aðeins 50 unglingar taldir þar eð afdrif eins eru ókunn þó dvalartími hans sé þekktur og hann því talinn með í fyrri töflunni en ekki hinni síðari. Sama máli gegnir varðandi mismun á töflu 13 og töflu 29

úr leyfi, með eða án samþykkis foreldra) fyrir en áætlun sagði til um. Hlutfallslega luku mun fleiri hinna efnilegu meðferð samkvæmt áætlun, en raunin var um hina óefnilegu.

Tafla 30: Lok meðferðar eftir gengi

	Fjöldi	Luku meðferð skv. áætlun	Rufu meðferð fyrir en áætlað var
Hinir efnilegu	14	11 (80%)	3
Hinir óefnilegu	18	12 (66%)	6
Hinir óráðnu	18	14 (80%)	4
Alls	50	37 (75%)	13
Uppl. vantar	1		

Sem fyrr segir, í töflu 13, var gerð áætlun fyrir 35 unglínganna af 47 um hvað taka skyldi við eftir útskrift. Aðeins í sex tilvikum var þessi áætlun síðar haldin að fullu, í fjórum tilvikum var hún haldin að hluta, í 25 vikum ekki. Í eftirfarandi töflu má sjá að ekki er teljandi munur á hópnum hvað gerð áætlana og efndir þeirra varðar, en sá sem er í þá átt að áætlanir hafi síður verið gerðar og síður haldnar í efnilega hópnum.

Tafla 31: Gerð og efndir áætlunar eftir gengi

	Efnilegir	Óefnilegir	Óráðnir	Alls
Áætlun gerð og haldin a.m.k. að hluta	2	2	6	10
Áætlun gerð en ekki haldin	9	10	6	25
Ágætlun ekki gerð	2	4	5	11
Uppl. vantar	1	2	1	4
Samtals	14	18	18	50
Upplýsingar vantar				1

Kannað var í hinum mismunandi undirhópum á hvaða aldri afbrigðilegrar hegðunar eða vandkvæða hófst. Vandkvæðahegðun óefnilegu unglínganna hófst alla jafnan fyrir en í hópi hinna efnilegu, að frátalinni neyslu vímuefna.

Tafla 32: Aldur í árum við upphaf vandkvæðahegðunar eftir gengi.

	Fjöldi	Efnilegir	Fjöldi	Óefnilegir
Foreldrar sjá fyrstu merki vanda	10	12.2	14	5.5
Vandræði í skóla hefjast	13	11.7	16	9.2
Neysla vímuefna hefst	12	12.6	16	13.6
Ósamkomulag á heimili hefst	11	12.2	14	10.1
Afbrot byrja	10	13.1	14	12.5

Í yfirgnæfandi meirihluta tilvikanna tóku unglíngarnir sem dvöldu á Háholti aftur upp svipaða vandkvæðahegðun sem orsakaði dvölinu eftir útskrift og raunar oftast skömmu eftir útskrift. Sumir unglíngarnir tiltóku að einungis hefðu verið liðnir fáeinir klukkutímar

frá því þeir komu heim þar til þeir neyttu fíkniefna. Oft varð neyslan mun harðari eftir Háholtsdvölinna en hún hafði verið áður og afbrot algengari. Innan árs frá útskrift höfðu 90% unglínganna a.m.k. að einhverju leyti tekið upp sömu vandkvæðahegðunina á ný. Aðeins tíundi hver unglíngur tók aðra stefnu strax eftir dvölinna.

Tafla 33: Gengi eftir útskrift og tími sem leið þar til vandkvæðahegðun hófst á ný. (U/F, neikvæðara svarið látið ráða ef á milli bar, eða 3. aðili)

	Alls	Efnilegir	Óefnilegir
Féll strax eða innan eins mánuðar	29	7	11
Féll innan eins til sex mánuða	11	2	4
Féll innan árs	3	2	1
Féll ekki	4	3	0
Upplýsingar vantar	4	0	2
Samtals	51	14	18

Unglínarnir og foreldrar þeirra voru spurðir þess, hvernig þeir teldu að unglíngunum hefði vegnað almennt eftir að dvölinni á Háholti lauk. Mat foreldranna var neikvæðara en mat unglínganna, því foreldrarirnir töldu að einungis 13 % unglínganna hefði vegnað vel en unglínarnir sjálfir um 40%.

Í reynd hafði vegferð unglínganna um (meðferðar)stofnanir engan veginn lokið með útskriftinni af Háholti. Aðeins sjö þeirra, af þeim 48 sem vitað er um, höfðu ekki dvaldið á neinni stofnun eftir útskriftina af Háholti og þar til viðtal var tekið. Í sumum tilvikum höfðu unglínarnir endurtekið farið á sömu stofnunina, þó það komi ekki fram í eftirfarandi töflu. Ástæða er til að ætla að stofnanadvalir unglínganna eftir Háholt hafi í raun verið enn fleiri en fram kemur í eftirfarandi töflu.

Tafla 34: Dvöl á stofnun eftir útskrift á Háholti (U/F og 3. aðili)

Engin stofnun	7
Ein stofnun	16
Tvær stofnanir	13
Þrjár stofnanir	8
Fjórar stofnanir	1
Fimm stofnanir	2
Sex stofnanir	1

Tafla 35: Stofnanir sem unglínarnir höfðu dvalið á. (U/F og 3. aðili)

Engin stofnun	7
Vogur	24
Fangelsi	17
Árvellir/Akurhóll	9
Önnur meðferðarh. Bvst.	2

Geðdeildir	4
Staðarfell	4
Krýsuvík	5
Birgið	6
Hlaðgerðarkot	4
Annað	4
Upplýsingar vantar	3

Séu þessar upplýsingar skoðaðar með hliðsjón af töflu 10, þar sem fram koma stofnanadvalir unglínganna fyrir dvölinna á Háholti, mál ljóst vera að margir þeirra hafa eytt verulegum hluta ævi sinnar upp að átján ára aldri á einhvers konar meðferðarstofnunum.

Mjög stór hluti unglínganna hafði framið afbrot af einhverju tagi eftir að Háholtsdvölinni lauk, oftast tengd fíkniefnaneyslu eða auðgunarbrot til að fjármagna fíkniefnaneyslu.

Tafla 36: Afbrot eftir útskrift frá Háholti. (U/F, neikvæðara svarið ræður, 3. aðili)

Hafði framið afbrot eftir Háholt	47
Hafði ekki framið afbrot eftir Háholt	3
Upplýsingar vantar	1
Samtals	51

Tíu unglíngar af 50, eða 20%, afplánuðu fangelsisvist er viðtal var tekið.

Neysla vímuefna (áfengi og fíkniefni) var nokkuð almenn í hópnum svo sem fram kemur í eftirfarandi töflu, en stór hluti unglínganna hafði gert ýmsar tilraunir til að hætta neyslu með misjöfnum árangri

Tafla 37: Neysla vímuefna eftir útskrift frá Háholti. (U/F, neikvæðara svarið ræður)

Notar vímuefni oft	14
Notar vímuefni stundum	6
Notar ekki vímuefni er viðtal fór fram	18
Þar af bindindi skemur en 6 mánuðir	6
Þar af bindindi lengra en 6 mánuðir	5
Þar af ekki vitað hve langt bindindi	7
Á geðdeild, í fangelsi, látinn	12
Upplýsingar vantar	1
Samtals	51

Spurt var um atvinnuþáttöku og skóla. Af heildarhópnum er vitað að 20% afplánuðu fangelsisvist er viðtal fór fram, 10% voru í fæðingarorlofi og rúm 20% voru hvorki í vinnu né skóla.

Tafla 38: Atvinna og skóli er viðtal fór fram (U/F)

Stundar vinnu	15
Sækir skóla	3
Er bæði í vinnu og skóla	4
Fæðingarorlof, barneignarfrí	5
Atvinnulaus, ekki í skóla	11
Fangelsi, geðdeild, látinn	12
Upplýsingar vantar	1
Samtals	51

Ef unglingur stundaði skóla eða vinnu var hann eða foreldri spurð hvort hann ætti þar í erfiðleikum af einhverju tagi. Því var játað í 13 tilvikum af 22, neitað í 9 tilvikum.

Sextán af 29 unglingum kváðust njóta opinberrar fjárhagsaðstoðar af einhverju tagi.

Fimmtán af 29 unglingum kváðust vera á föstu, þar af bjuggu 12 með kærasta/kærustu. Tíu unglinganna áttu börn og höfðu sjálfir umsjá þeirra með höndum, utan í einu tilviki er viðkomandi barnaverndarnefnd hafði tekið forsjá tímabundið úr höndum foreldris.

Í svörum unglinganna um félagagang kom fram að 13 af 29 umgengust fyrst og fremst félagagang sem þeir höfðu eignast eftir Háholtsdvölinu, fjórir sögðust vera vinalausir.

Níu af 26 unglingum sem upplýsingar lágu fyrir um sóttu AA-fundi og þrír sóttu reglulega trúarsamkomur.

Unglingarnir lýstu samkomulagi við foreldra sína svo:

Tafla 39: Samkomulag við foreldra (U)

	Við móður	Við föður
Gott	20	23
Sæmilegt	5	3
Slæmt	3	0
Ekkert	1	2
Samtals	29	29

Tafla 40: Mat unglunga og foreldra á gengi eftir að dvöl á Háholti lauk.

	Mat unglunganna	Mat foreldranna
Vegnað illa	12	25
Vegnað vel	9	6

Bæði og	8	13
Upplýsingar vantar	22	7
Samtals	51	51

Sömuleiðis voru unglíngarnir mun bjartsýnni á framtíð sína en foreldrarnir, jafnvel þeir sem hvað síst virtust hafa efni til þess. Unglíngarnir höfðu m. ö. o. miklu síður misst trú á að þeir hefðu tök á lífi sínu, hversu óraunhæf sem sú trú kunni að virðast eins og á stóð.

Tafla 41: Mat unglínga og foreldra á framtíðarhorfum

	Mat unglínganna	Mat foreldranna
Bjartsýnir	25 (90%)	18 (40%)
Svartsýnir	0	13
Bæði og	3	13
Upplýsingar vantar	23	7
Samtals	51	51

Matslistar Achenbachs voru lagðir fyrir bæði foreldra og unglínga. Heimtur þeirra voru nokkuð lakari en viðtalanna, en 37 foreldranna fylltu út listana (Spurningalisti fyrir atferli fullorðinna á aldrinum 18-59 ára) um börn sín, en 26 unglíngar fylltu út sjálfsmatslista (Spurningalisti fyrir fullorðna á aldrinum 18-59 ára. Sjálfsmatslisti). Aðeins í 21 tilviki liggja bæði fyrir sjálfsmatslistar frá unglíngi og matslistar frá foreldrum hans.

Á grundvelli listanna er unnt að meta almenna aðlögunarhæfni og tíðni vandamála á ýmsum sviðum og flokka þau í normala tíðni, klíniska eða afbrigðilega tíðni og borderline- eða jaðartilvik.⁸ Sé heildartíðni vandamála skoðuð er ljóst að í heildarhópnum eru afar margir einstaklinganna sem flokkast til afbrigða, einkum sé litið til mats foreldranna.

⁸ Sjá nánar Achenbach, T. M. og Rescorla, L. A. Manual for the ASEBA Adult Forms & Profiles For Ages 18-59. University of Vermont, Research Center for Children, Youth and Families, 2003

Tafla 42: Flokkun unglínganna sem dvöldu á Háholti samkvæmt matslista Achenbach eftir heildartíðni út- og innleitandi vandamála. (ASR 18/59. Total (Internalizing & Externalizing) Problems)

	Fjöldi skv. mati foreldra	Fjöldi skv. sjálfsmati unglínganna
Normal tíðni	8	14
Borderline- eða jaðartíðni	1	3
Klínísk eða afbrigðil. tíðni	28 (75%)	10 (37%)
Alls	37	27
Upplýsingar vantar	14	24
Samtals	51	51

Foreldrar flokkuðu um 80% unglínganna með klínískri tíðni vandamála eða jaðartíðni, en unglíngarnir sjálfir um 50%. Eftirfarandi tafla sýnir sömu greiningu þar sem aðlögunarvandamál unglínganna hafa verið flokkuð í útleitandi vandamál (agressive behavior, rule-breaking behavior, intrusive behavior) og innleitandi vandamál (anxious/depressive, withdrawn, somatic complaints).

Tafla 43: Flokkun unglínganna sem dvöldu á Háholti samkvæmt matslista Achenbach eftir tíðni út- og innleitandi vandamála. (ASR 18/59. Internalizing and Externalizing Problems)

	Fjöldi skv. mati foreldra	Fjöldi skv. sjálfsmati unglínganna
<u>Innleitandi vandamál</u>		
Normal tíðni	8	16
Borderline- eða jaðartíðni	3	2
Klínísk eða afbrigðil. tíðni	26	9
Alls	37	26
<u>Útleitandi vandamál</u>		
Normal tíðni	7	10
Borderline- eða jaðartíðni	2	1
Klínísk eða afbrigðil. tíðni	28	16
Alls	37	27
Upplýsingar vantar	14	24

Um mat beggja, foreldranna og unglínganna, á við að útleitandi aðlögunarvandamál eru tíðari en innleitandi.

Í töflu 44 er eðli aðlögunarvandans greint nánar niður og vandamálin yfirfærð í sjúkdómsflokkunarmódel DSM-IV.

Tafla 44: Flokkun unglínganna sem dvöldu á Háholti skv. matslista Achenbach eftir tíðni vandamála, yfirfærð í flokkunarmódel DSM-IV (ABCL/18-59 DSM-Oriented Scales for Men/Women 18-35)

	Depressive	Anxiety	Somatic	Avoidant	AD/H	Antisocial
<u>Mat foreldra</u>						
Normal tíðni	15	24	30	18	11	11
Borderline	7	7	2	8	4	4
Klínísk tíðni	15	6	5	11	22	22
Alls	37	37	37	37	37	37
Uppl. vantar	14	14	14	14	14	14
<u>Sjálfsmat unglínganna</u>						
Normal tíðni	20	22	19	22	13	13
Borderline	3	2	1	2	4	4
Klínísk tíðni	4	3	7	3	10	10
Alls	27	27	27	27	27	27
Uppl. vantar	24	24	24	24	24	24
Samtals	51	51	51	51	51	51
<u>Hlutfall klin./borderline:</u>						
Mat foreldra	60%	35%	20%	50%	70%	70%
Sjálfsmat unglínganna	25%	20%	30%	20%	50%	50%

Í eftirfarandi töflum eru þessar sömu niðurstöður Achenbach-matsins í hópum hinna efnilegu og hinna óefnilegu bornar saman. Í efnilega hópnum voru 14 unglíngar en aðeins níu þeirra fylltu út matsblað. Aðeins í átta tilvikum fylltu foreldra þeirra út matsblað. Í óefnilega hópnum voru alls 18 unglíngar, aðeins 6 þeirra fylltu út matsblað en foreldrar í fjórtán tilvikum. Nú er ekki rétt að leggja sjálfsmat unglínganna og mat foreldranna á þeim að jöfnu, en vegna þess hve heimtur voru slæmar er það þó gert í eftirfarandi töflum, þannig að gengið er út frá mati foreldranna, en í þeim tilvikum sem það vantar og sjálfsmat liggur fyrir er gengið út frá sjálfsmatinu.

Tafla 45: Flokkun eftir heildartíðni vandamála skv. Achenbach-mati fyrir hina efnilegu og hina óefnilegu sbr. töflu 38. (Mat foreldra ef fyrirbyggjandi en ella sjálfsmat)

	Hinir efnilegu	Hinir óefnilegu
Normal tíðni	7	1
Borderline	1	1
Klínísk tíðni	3	13
Alls	11	15
Upplýsingar vantar	3	3
Samtals	14	18

Hóparnir eru ólíkir í þessu efni. Um 65% hinna efnilegu sýna normaltíðni vandamála en um 5% hinna óefnilegu.

Tafla 46: Flokkun eftir tíðni út- og innleitandi vandamála skv. Achenbach-mati fyrir hina efnilegu og hina óefnilegu sbr. töflu 39. (ASR 18/59. Internalizing and Externalizing Problems) (Mat foreldra ef fyrirbyggjandi en ella sjálfsmat.)

	Hinir efnilegu	Hinir óefnilegu
<u>Innleitandi vandamál</u>		
Normal tíðni	7	3
Borderline- eða jaðartíðni	0	0
Klínísk eða afbrigðil. tíðni	4	12
Alls	11	15
<u>Útleitandi vandamál</u>		
Normal tíðni	6	1
Borderline- eða jaðartíðni	1	0
Klínísk eða afbrigðil. tíðni	4	14
Alls	11	15
Upplýsingar vantar	3	3

Í eftirfarandi töflu er vandamálin flokkuð nánar með yfirlýsingu í DSM-IV flokkunarkerfið sambærilega við töflu 40. Gengið er út frá mati foreldranna en liggi það ekki fyrir sjálfsmati. Einungis er tilfærð klínísk tíðni og jaðartíðni.

Tafla 47: Flokkun hinna efnilegu og hinna óefnilegu skv. matslista Achenbach eftir tíðni vandamála, yfirfærð í flokkunarmódel DSM-IV. Klínísk og jaðartíðni aðeins. (ABCL/18-59 DSM-Oriented Scales for Men/Women 18-35)

	Hinir efnilegu	Hinir óefnilegu
Depressive	2 (20%)	11 (75%)
Anxiety	1 (10%)	6 (40%)
Somatic	0	4 (30%)
Avoidance	2 (20%)	9 (60%)
AD/H	2 (20%)	13 (90%)
Antisocial	2 (20%)	14 (90%)
Alls	11	15
Upplýsingar vantar	3	3
Samtals	14	18

Það er að vonum að stórt hlutfall hinna óefnilegu sýni andfélagslega hegðun þar eð einmitt slík hegðun réði valinu í hópinn, en hið háa hlutfall athyglisbrests/ofvirkni vekur athygli. Meðalaldur hinna efnilegu er foreldrar urðu fyrst varir erfiðleika hjá þeim var 12.3 ár en meðalaldur hinna óefnilegu við sama tækifæri aðeins 5.6 ár. Í báðum hópunum höfðu allir átt í erfiðleikum í skóla en meðalaldur hinna efnilegu er þeir hófust voru 15 ár en 11 ár í hópi hinna óefnilegu.

V. Samantekt og helstu niðurstöður

Á Háholti höfðu dvalið 51 unglingur á könnunartímanum. Í könnuninni náðist að taka viðtal við 29 unglunga og 43 foreldra. Notað var hálfstaðlað viðtal. Foreldrar fylltu út Achenbach-mat og unglingar fylltu út Achenbach-sjálfsmat. Alls fengust nokkuð greinargóðar upplýsingar um afdrif 47 unglunga, frá bæði foreldrum og unglingi, frá unglingi aðeins eða frá foreldri aðeins.

Á Háholti er mest öryggisgæsla allra meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu. Þar eru að öðru jöfnu vistaðir erfiðustu unglingarnir sem koma til kasta stofunnar og þeir sem álitnir eru illviðráðanlegastir í 2 – 3 árgöngum hverju sinni. Af þessari ástæðu einni er ekki við því að búast að dvöl á Háholti geti skilað árangri nema að takmörkuðu leyti.

Sjö af hverjum tíu unglinga á Háholti voru drengir. Meðalaldur er vistun hófst var 15.9 ár. Meðaldvalartími var 214 dagar.

Unglingarnir sem vistast á Háholti eiga oft að baki langa sögu margháttaðra vandamála; vandræða í skóla, ósamkomulags á heimili, neyslu fíkniefna, afbrota. Verulegur hluti þeirra á við athyglisbrest að stríða og ofvirkni. Margir koma frá brotnum heimilum og eiga erfið áföll að baki.

Samkvæmt Achenbach-mati foreldra flokkast þrjú fjórðu hlutar unglunganna (37 sem mat fékkst á) með afbrigðilega (klíniska) heildartíðni vandamála (inn-/útleitandi). Samkvæmt sjálfsmati unglunganna var tíðnin mun minni. Samkvæmt mati foreldra var tíðni innleitandi vandamála og útleitandi svipuð.

Samkvæmt Achenbach-mati foreldra flokkuðust 60 % unglunganna (37 sem mat fékkst á) með depressive-einkenni í klíniskum mæli, en 70% unglunganna féllu á klínískt svið varðandi ofvirkni/athyglisbrest og andfélagslega hegðun. Samkvæmt sjálfsmati unglunganna voru sömu hlutföll 25%, 50% og 50%.

Allir unglingarnir á Háholti hafa verið í meðferð af einhverju tagi áður en þeir koma þangað; sumir hafa oft verið í meðferð á mismunandi stöðum, sumir lengi. Undangengnar tilraunir til meðferðar hafa ekki skilað árangri.

Unglingar vistast langoftast gegn vilja sínum á Háholti og af illri nauðsyn. Eftir aðlögunartíma sætta þeir sig þó flestir allvel við dvölinna þar. Þeir láta yfirleitt vel af starfsfólki, viðmóti í sinn garð, aga, dagskrá.

Meðaldvalartími unglunganna var 214 dagar en hann virðist vera að stytast. Flestir foreldranna telja að dvölin hafi verið of stutt, flestum unglunganna þykir hún hafa verið of löng.

Unglingum og foreldrum finnst í flestum tilvikum að gagn hafi verið að dvölinni. Þetta gagn fólst í ýmsu, m.a. að unglíngurinn var tekinn úr umferð/neyslu og fékk tórn til að taka út þroska, persónuleg tengsl, rammi og fastar skorður, að áfanga var lokið í skólanámi.

Flestir unglínganna telja ekki að þeir hafi orðið fyrir slæmum áhrifum af öðrum unglíngum sem voru samtímis þeim á Háholti. Þetta telja hins vegar margir að hafi verið tilfellið í fyrri meðferðardvöl á Stuðlum.

Samband unglínga við félagsráðgjafa/starfsmenn barnaverndarnefnda fyrir, á meðan og eftir dvöl er fremur takmarkað og aðeins tæpur helmingur unglínga telur það gott. Foreldrar hafa átt jákvæðari samskipti við þessa aðila.

Gera á áætlun um eftirmeðferð áður en til útskriftar kemur. Oft reyndist áætlun ekki hafa verið gerð, og algengasta skýringin var að unglíngurinn rauf áformaða meðferð. Væri áætlun gerð var hún sjaldnast haldin. Oft var það unglíngurinn sem hélt hana ekki og þá virtist engin varaáætlun hafa verið tiltæk.

Aðspurðir um hver/hvað hefði hefði hjálpað best í erfiðleikum sínum skipuðu unglíngar fagfólki ofar en fjölskyldunni.

Af ýmsum ástæðum er örðugt að meta árangur af unglíngameðferð. Álitamál er hvað skuli kalla árangur og hversu löngu eftir að meðferð lýkur sé rétt að meta hann.

Meðalaldur unglínganna frá Háholti er viðtal var tekið voru 20 ár. Að meðaltali voru liðnir 41 mánuður frá útskrift, lengst 76 mánuðir, skemmst 11. Valin voru viðmið til þess að greina að þrjá hópa sem nefndir voru *hinir efnilegu*, *hinir óefnilegu* og *hinir óráðnu*.

Flestir unglínganna sögðu að sér hefði vegnað bæði/og eða illa eftir útskrift. Þetta var í enn frekara mæli skoðun foreldranna. Langflestir höfðu átt lengri eða skemmri slæman tíma eftir útskriftina en fóru eftir það að takast á við vandann með misjöfnum árangri.

Langflestir unglínganna (90%) kváðust vera bjartsýnir á framtíðina. Tæplega helmingur (40%) foreldranna var sama sinnis fyrir þeirra hönd.

Innan árs frá útskrift af Háholti höfðu langflestir unglíngarnir (43) aftur tekið upp það atferli sem varð til vistunarinnar, langoftast neyslu. Flestir þeirra féllu raunar innan mánuðar. Langflestir höfðu eftir útskriftina framið afbrot. Nær allir höfðu um lengri eða skemmri hríð neytt vímuefna. Þriðjungur hafði setið í fangelsi og fimmtungur afplánaði fangelsisdóma er viðtal/mat fór fram. Fjórir af hverjum fimm höfðu dvalið um lengri eða skemmri tíma á (meðferðar)stofnunum eftir útskrift, sumir á mörgum. Um helmingur unglínganna stundaði skóla og/eða vinnu er viðtal fór fram. Hjá mörgum þeirra gætti erfiðleika í þeirri ástundun. Samkomulag unglínganna við foreldra var í flestum tilvikum gott eða sárnilegt er viðtal fór fram en mjög margir þeirra voru fluttir að heiman.

Fjórtán unglingar, *hinir efnilegu*, sýndu merki um að þeir nálguðust venjulega lífshætti jafnaldra sinna og hefðu erfiðleikana að baki. Átján unglingar, *hinir óefnilegu*, sýndu þess merki að þeir hefðu fjarlægst venjulega lífshætti jafnaldra sinna enn meira en tilfellið var við útskriftina af Háholti. Átján unglingar, *hinir óráðnu*, virtust geta brugðið til beggja átta. Verulegan fyrirvara verður að hafa um varanleika þessarar flokkunar.

Það aðgreindi *óefnilega hópinn* helst frá *hinum efnilega* var:

- í honum voru mun fleiri drengir en stúlkur
- það var skemmri tími liðinn frá útskrift frá Háholti
- hann var árinu yngri að meðaltali
- dvalartíminn á Háholti var lengri
- dvalartíminn var oftast rofinn
- áætlun um aðhald eftir útskrift var síður haldin
- hann tók oftast og fyrr eftir útskrift upp sama atferli og olli vistuninni
- vandkvæði hófust fyrr á ævinni.

Skv. Achenbach-mati (foreldra og unglinga) féllu 90% *hinna óefnilegu* á klínískt/borderline svið varðandi heildartíðni inn- og útleitandi vandamála, en 35% *hinna efnilegu*. Að sama skapi sýndu mun fleiri *hinna efnilegu* normala tíðni.

Einkennandi fyrir hóp *hinna óefnilegu* samanborið við hóp *hinna efnilegu* var mikil tíðni depressivra einkenna og afar mikil tíðni einkenna um athyglisbrest/ofvirkni og andfélagslega hegðun.

VI. Nokkrar ályktanir.

Það reyndist of snemmt (annað hvort of stutt frá lokum meðferðar eða unglíngurinn enn of ungur) til að unnt væri að meta árangur unglínganna með viðunandi nákvæmni. Á næstu árum mun væntanlega fækka í hópi *hinna óráðnu*, jafnframt munu sumir sem nú virtust efnilegir verða óefnilegir og öfugt. Afdrifin eru ekki enn komin í ljós.

Þó þetta kæmi ekki til, reynist illmögulegt að greina þátt Háholtsdvalarinnar í árangri/árangursleysi unglínganna. Þeir tóku nánast allir upp það atferli að nýju eftir útskrift sem varð til vistunarinnar á sínum tíma. Mjög stór hluti þeirra hefur eftir Háholt sótt meðferð á aðra meðferðarstofnun eða margar. Aðrir þættir en það sem fram fór í meðferðinni á Háholti virðast ráða mun meira um hverjir falla í raun hóp hinna efnilegu og hverjir í hóp hinna óefnilegu. Bæði unglíngarnir og foreldrarnir töldu þó að dvölin á Háholti hefði gert gagn, og þá í þeirri merkingu að unglíngurinn hafi þar meðtekið eitthvað sem hann býr að, þegar og ef, hann er tilbúinn að snúa við blaði í lífi sínu.

Sé það mat unglínganna/foreldranna rétt, að fremstu kostirnir við Háholtsdvölin séu að þar fá þeir ráðrúm til að þroskast, venjast römmum og ljúka áföngum í námi, mætti áætla að það væri röng þróun að meðaldvalartíminn styttest.

Langstærsti hluti unglínganna á Háholti er ánetjaður fíkniefnum við komu, og langstærsti hluti þeirra tekur upp fíkniefnaneyslu að nýju skömmu eftir útskrift. Með hliðsjón af þessu má spyrja hvort tekið sé nægt tillit til fíkniefnavanda unglínganna í meðferðinni á Háholti.

Langstærsti hluti unglínganna á Háholti er ánetjaður fíkniefnum við komu, hefur afbrotaferil að baki og hefur tamið sér andfélagslega hegðun. Með hliðsjón af þessu er það mikill ábyrgðarhluti að vista á Háholti þá unglínga þar sem annarskonar vandamál, svo sem geðræn, eru í forgrunni.

Of oft lýkur meðferð fyrr en áætlað hafði verið. Of oft virtist útþrá eða ópolinmæði unglíngsins ráða meiru um það en árangurinn sem hann hafði náð í meðferðinni.

Of oft lauk meðferðinni á Háholti án þess að áætlun væri gerð um hvað tæki við eftir útskrift og hvernig meðferðarárangrinum yrði fylgt eftir.

Of oft var þannig áætlun ekki til staðar, en þó hún væri til staðar reyndist allt of oft ekki vera staðið við hana. Með því að standa ekki við sinn þátt í áætluninni gat unglíngurinn komið þeim tilraunum sem gerðar höfðu verið til meðferðar á honum aftur á byrjunarreit. Sjaldnast virtist hafa verið gert ráð fyrir plani B.

Eftirmeðferð eftir Háholtsdvöl var af þessum sökum aðeins í skötulíki og varla það.

Uppistaðan í óefnilega hópnum, sem líklega er verðandi langtímavandamálafólk landsins, sem í framtíðinni mun löngum stundum gista fangelsi og meðferðarstofnanir, virðist hafa

átt við athygliserfiðleika og ofvirkni að stríða í skóla. Það hafði ekki tekist að veita þessum einstaklingum þann stuðning í skóla sem hugsanlega hefði getað komið í veg fyrir að þeir leiddust út í andstöðu, uppreisn og andfélagslega hegðun.

Niðurstöður könnunarinnar gefa tilefni til að:

- taka hlutverk meðferðarheimilisins Háholts og verkaskiptingu meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu til skoðunar
- taka dvalartíma á Háholti til skoðunar
- taka inntak meðferðarinnar á Háholti til skoðunar, einkum vægi vímuefnaþáttarins og náms
- taka eftirmeðferð eftir Háholt til gagngerðrar endurskoðunar